



Héðinsmótið í bekkpressu

Laugardaginn 11. maí fór Héðinsmótið í bekkpressu fram í íþróttahúsinu í Ólafsvík. Mótið er skipulagt af Sólarþrótt líkamssætt og er það haldið til minningar um Héðinn Magnússon heitinn sem fyrst með Svanborgu SH árið 2001. Mótið var síðast haldið á Færeyskum dögum árið 2005 en Guðmundur Njáll Þórðarson og dóttir hans Dagbjört, eigendur Sólarþrótt, vildu endurvekja Héðinsmótið eftir öll þessi ár og er stefnan að halda það árlega í kringum 9. maí, en það var afmælisdagur Héðins. Mótið var haldið í samráði við vini og fjölskyldu Héðins og afhenti Jóhanna Ósk Jóhannsdóttir verðlaunin í mótslok.

Keppt var í þremur flokkum, karlaflokki undir 100 kg, karlaflokki yfir 100 kg og opnum kvennaflokki. Magnús Ver Magnússon sá um dómgæslu og tókst mótið með eindæm-



um vel. Mikil stemning var á meðal áhorfenda sem hvöttu keppendur áfram. Hafðís Rán Brynjarsdóttir tók gullið í flokki kvenna, Hanna Imgront var í 2. sæti og Hildur Boga

Bjarnadóttir lenti í 3. sæti. Birgir Vilhjálmsson átti 1. sætið í flokki karla undir 100 kg, Damian var í 2. sæti og Marcin Tomasz Pielechowski í því 3. Í flokki karla yfir 100 kg sigraði Krist-

ján Ingi Sigurðsson, Arek Lakomski var í 2. sæti og Rokas Lukauskas lenti í 3. sæti. Meðfylgjandi mynd er af skipuleggjendum og keppendum á mótinu. SJ

Víkingar ósigraðir eftir tvo leiki

Víkingur Ó. lagði land undir fót á laugardaginn þegar liðið átti leik á móti KFA í Fjarðabyggðarhöllinni. Leikurinn byrjaði ekki vel en á 18. og 23. mínútu tókst heimamönnum að komast tveimur mörkum yfir. Leikurinn fór hratt af stað en fyrsta af fimm gulu spjöldum fyrri hálfleiks fór á loft á annarri mínútu. Luke Williams byrjaði seinni hálfleik á því að skora mark og

minnka muninn. Gary Martin jafnaði á 83. mínútu og voru lokatölur leiksins því 2-2. Í heildina fóru tólf gul spjöld á loft í leiknum en Daniel Arnaud Ndi náldi sér í tvö og þurfti því að klára síðustu mínúturnar utan vallar. Næsti leikur Víkings Ó. er næstkomandi laugardag þann 18. maí klukkan 14:00 gegn Þrótti Vogum.

JJ



**Við bjóðum upp á
alhliða bílaviðgerðir,
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímamantanir í síma 436-1111

**Vegna jarðarfara verður lokað hjá okkur
föstudaginn 17. maí kl. 12 - 16**

Mikill afli á móti í sjóstöng

Opið mót Sjósnæ í sjóstöng fór fram í Snæfellsbæ 10. og 11. maí síðastliðinn. Mótið er hluti af Íslandsmeistaramóti Landssambands Sjóstangafélaga 2024 en þetta mót var annað aðalmót sumarsins. Opna mót Sjósnæ var sett í Björgunar- sveitarhúsinu Von á Rifi á fimmtudagskvöldið 9. maí. Þá var haldið til hafs frá Ólafsvík að morgni föstudags og morgni laugardags og svo var lokahófið haldið á laugardagskvöldið í Von á Rifi. 25 þátttakendur voru skráðir til leiks, þar af átta úr Sjósnæ en heimamenn átta leiksigrur á mótinu. Mikill afli var á mótinu og voru dæmi um að bátar hafi farið fyrir í land þar sem að svo vel fiskaðist.

Pawel Szalas var aflahæsti karlinn á mótinu og Jón Einarsson var annar aflahæsti. Björg Guðmundsdóttir var aflahæsta konan og Beata Makilla önnur aflahæsta. Þá fékk Pawel Szalas flesta fiskana og Jón Einarsson var þar í 2. sæti. Beata Makilla var stigahæðst kvenna og Björg Guðmundsdóttir var þriðja stigahæsta konan á mótinu. Pawel Szalas var stigahæsti karlinn og Jón Einarsson



son annar stigahæsti. Á stigatöflu Íslandsmeistaramótsins er þó Björg Guðmundsdóttir í 1. sæti kvenna og Jón Einarsson í 1. sæti karla eftir tvær umferðir, þá fylgja Beata Makilla og Pawel Szalas eftir í 2. sæti. Fimm umferðir eru ennþá eftir af mótinu og áætlað er að lokahófið verði 14. september.

SJ



FERMINGAR SKEYTI LIONS

Lionsklúbbur Ólafsvíkur mun í ár, eins og undanfarin ár, bjóða upp á fermingarskeyti.

Fermt verður í Ólafsvíkur- og Ingjaldshólskirkju á hvítasunnudag, hægt er að nálgast skeytapöntunarblöð í Kassanum og þar er einnig hægt að skila skeytapöntunum.

Einnig er hægt að nálgast pöntunarblaðið á Facebook-síðu Lionsklúbbs Ólafsvíkur.



Á heimasíðu
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness
fasteignsnae.is
er að finna upplýsingar um allar eignir á
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

Pétur Kristinsson hdl.
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



- Bílaviðgerðir
- Skipaþjónusta
- Almenn suðuvinna
- Smurþjónusta
- Smábátaþjónusta
- Dekkjaverkstæði

vegr@vegr.is vegr.is
S: 849-7276 Remek og 898-5463 Þórður



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.
Sandholt 22a, Ólafsvík
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617

Tónleikar í Þjóðgarðsmiðstöðinni



Karلاكórinn Kári efndi til tónleika í Þjóðgarðsmiðstöðinni á Hellissandi miðvikudaginn 8. maí síðastliðinn. Kórinn samanstendur af söng glöðum körlum af Snæfellsnesi og hefur starfað síðan árið 2008. Linda Maria Nielsen er kórstjóri og á tónleikunum í Þjóðgarðsmið-

stöðinni ríkti glaumur og gleði þegar kórinn flutti vel valin lög fyrir gestu. Góður hljómburður í nýrri Þjóðgarðsmiðstöðinni gerir aðstöðuna tilvalda fyrir slíka tónleika og skilaði það sér svo sannarlega í tónleikum kórsins á miðvikudagskvöldið. Myndina tók Guðrún Víglundsdoóttir.

SJ



LákiTours
Let the ocean excite you!

Láki Tours leitar að öflugum liðsfélaga!

Við erum að leita að einstakling til að starfa í miðasölu okkar í Grundarfirði ásamt því að kynna og selja lundaferðir okkar. Stundum gæti starfsmaður þurft að aðstoða á bátnum eða í miðasölu í Ólafsvík til að innrita farþega eða selja í ferðir þaðan.

Helstu verkefni í miðasölu í Grundarfirði

- Kynna og selja lundaferðir
- Aðstoða á bátnum á annasönum dögum
- Svata fyrirspurnum og veita framúrskarandi þjónusta við viðskiptavinum

Helstu verkefni í Ólafsvík

- Kynna og selja hvalaskoðunarferðir
- Svata fyrirspurnum og veita framúrskarandi þjónusta við viðskiptavinum
- Símsvörum
- Hreinsun salernis
- Sala minjagripa

Við leitum að einstaklingi sem:

- Talar reipbrennandi ensku (fleiri tungumál eru einnig kostur)
- Hefur góða samskiptahæfni
- Nýtur þess að tala við fólk og veita góða þjónusta
- Vinnur vel í hóp
- Er sveigjanlegur og getur aðlagast ófyrirsjáanlegum verkefnum
- Hefur mikinn áhuga á sjávarlífi
- Þekking á sjófuglum og reynsla af bátum kostur

Láki Tours is hiring!

We are looking for someone who can work in our ticket office in Grundarfjörður to promote and sell our puffin tours. Occasionally, you might help out on the boat or work in our ticket office in Ólafsvík to check in passengers and sell our whale watching tours.

Tasks in Grundarfjörður:

- Promote and sell puffin tours
- Help out on the boat on busy days
- Answer questions and provide customer service

Tasks in Ólafsvík:

- Promote and sell whale watching tours
- Answer questions and provide customer service
- Answer the phone
- Clean bathrooms
- Sell souvenirs

We are looking for someone who:

- Speaks English fluently (other languages a plus)
- Has good communication skills
- Enjoys talking to people and providing customer service
- Works well in a team
- Is flexible and can adjust to an unpredictable schedule
- Loves the ocean and marine life
- Knowledge of sea birds and experience being/working on boats a plus

Tímabilið hafið hjá Reyni

Stuðningsmannadagur Reynis Hellissands fór fram laugardaginn 11. maí. Hoppukastali var á svæð-

inu og leikmenn grilluðu pylsur fyrir stuðningsmenn sína fyrir utan Frystiklefann í Rífi. Þín Verslun

Kassinn í Ólafsvík og Hraðbúðin á Hellissandi styrktu Reyni með grillveislunni en viðburðurinn var hugsaður til þess að þjappa hópnum saman og mynda stemmingu fyrir fyrsta heimaleik liðsins sem var daginn eftir. Sunnudaginn 12. maí tók Reynir H. á móti Smára á Ólafsvíkurvelli. Kristófer Máni skoraði fyrsta mark leiksins á 38. mínútu. Mikil barátta var í leiknum en fyrri hálfleikur þó tíðinda-

lítill. Leikmenn Smára náðu að jafna leikinn á 56. mínútu. Við tók varnarleikur Reynis og náðu þeir að halda markinu hreinu það sem eftir var. Lokatölur leiksins voru því jafntefli 1-1. Næsti leikur Reynis verður sunnudaginn 19. maí klukkan 15:00 á Ísafirði. Þá heim-sækja Reynismenn liðið Hörður á Kerecivellinum.

JJ



Bifreiðaverkstæði /Egis.
Rífi. S-436677

Betra fyrir bílinn

**FISKMARKAÐUR
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700
www.fmis.is



HVÍTASUNNUTILBOÐ Í VOOT

Vegna þess hve vel Snæfellingar hafa tekið samstarfi Voot og Ormsson höfum við ákveðið að bjóða sérstakt tilboð á þessum þörum:

Í ELDHÚSIÐ

AEG SPANHELLUBORÐ
IKB64301FB

HT949 492 705
Sniðbrún
Power stilling
Hob2Hood virkni
Snertirofar

Verð stakt - 119.900 kr



AEG VEGGOFN
BCK456220B SVARTUR

HT944 188 546
Stærð: 71l
Orkuflokkur: A+
Sjálfhreiniskerfi: Nei
Steam Bake fyrir brauðbakstur
MEÐ KJÖTMÆLI

Verð stakur - 129.900 kr

Rétt verð 249.800,- **TILBOÐ 179.800,-**

Í ÞVOTTAHÚSIÐ

AEG ÞURRKARI
TR934N85C
8KG M.VARMADÆLU

HT916 099 353
Taumagn: 8 kg
Varmadæla
Orkuflokkur: A+++
Nettengjanlegur

Verð stakur - 189.990 kr



AEG ÞVOTTAVÉL
LR734H86L
8KG 1600SN

HT914 501 404
Taumagn: 8 kg
Vindinghraði: 1600
Orkuflokkur: A
20 mínúta þvottakerfi

Verð stök - 169.990 kr

Rétt verð 358.800,- **TILBOÐ 279.900,-**



Ólafsbraut 19
Sími 436 1214
olafsvik@voot.is
www.voot.is

ORMSSON